

Miðvikudaginn 27. ágúst 1997.

Nr. 344/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Gunnari Ólafssyni

(Sveinn Andri Sveinsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. ágúst 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 25. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. ágúst 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 29. ágúst 1997 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. ágúst 1997.

Ár 1997, föstudaginn 22. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Gunnari Ólafssyni, kt. 121174-3329, Smárahvammi 8, Hafnarfirði, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 29. ágúst nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík rannsakar nú stórfellt fíkniefnamisferli. Upphaf rannsóknarinnar má rekja til þess, að 2. ágúst sl. komu til skoðunar hjá tollgæslunni að Ármúla 25, Reykjavík, tvær hraðsendingar frá Bretlandi, sem höfðu að geyma alls 783 e-töflur.

Við rannsókn málsins hefur grunur lögreglu beinst að því, að kærði eigi aðild að málinu. Kærði er starfsmaður Pósts og síma hf. og vinnur m. a. við að aka út ábyrgðar- og hraðpóstssendingum. Í framburði kærða fyrir dómnum 16. ágúst sl. kveður hann Sigurð Þórðarson, sem er einn þeirra, er nú sæta gæsluvarðhaldi, hafa sett sig í samband við sig og m. a. spurt sig náið út í vinnutíma sinn hjá Pósti og síma og í hverju starf sitt væri fölgandi. Kveðst kærði eftir það nokkrum sinnum hafa rætt við Sigurð í síma og sagt honum, í hvaða hverfum hann væri að vinna, en kærði kveðst allajafna sjá um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð.

Sendingar þær, sem höfðu að geyma áður nefnt magn e-taflna, voru stílaðar á tvö heimilisföng í Hafnarfirði, þ. e. í Suðurhvammi og Hvammbraut. Kærði hefur staðfest að hafa verið á ferð í Hvammahverfi í Hafnarfirði að beiðni Sigurðar laugardaginn 2. ágúst sl. og hitt þar tvo menn, og hafi hann ásamt þeim verið staddur í Suðurhvammi, þegar póstmaður kom akandi og fór síðan með póstsendingu inn í stigagang fjölbýlishúss þar. Kærði hefur haldið sig við þennan framburð og ekki talið ástæðu til að bæta við hann síðan.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af kærða í morgun, kveður hann Sigurð Þórðarson hafa boðið sér einhverja peningaupphæð fyrir að taka pakka fyrir sig, þegar hann væri að vinna, en hann hafi aldrei samþykkt það. Kærði neitar að hafa hitt þá Sigurð og Pétur Ásgeirsson út af þessum innflutningi e-taflna eftir miðjan júlí sl. Þá hefur hann einnig neitað því að hafa hringt í Sigurð um kl. 19.00 föstudaginn 1. ágúst sl.

Sigurður Þórðarson og Pétur Ásgeirsson hafa játað að hafa staðið að innflutningi þessum ásamt Pétri Bruno Scheving Thorsteinsyni. Báðir bera þeir, að kærði hafi hjálpað þeim við að skipuleggja innflutningsleiðina, og hafi hann átt að sjá til þess að taka pakkana úr umferð, áður en þeir kæmst til skila til viðtakenda.

Rannsókn máls þessa miðar vel áfram, en þó er eftir að yfirheyra nánar grunaða og samprófa þá. Af gögnum málsins er ljóst, að kærði er viðriðinn málið, þótt enn liggi ekki skýrt fyrir, hver þáttur hans er.

Samkvæmt framansögðu og þegar rannsóknargögn málsins eru virt, er nægjanlega rökstuddur grunur uppi um, að kærði eigi aðild að málinu með sagnæmum hætti. Hér er um að ræða rannsókn á stórfelldum fíkniefnainnflutningi, og kann brot það, sem kærði er grunaður um, að varða kærða fangelsisrefsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 29. ágúst nk. kl. 16.00.

2173

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Gunnar Ólafsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá gæsluvarðhaldi því, sem rennur út kl. 16.00 í dag, allt til föstudagsins 29. ágúst nk. kl. 16.00.
